



Skýrsla um ítrekaða eftirfylgni:
Þjóðleikhúsið

Mars 2014

Efnisyfirlit

Niðurstöður	3
1 Inngangur	5
2 Þjóðleikhúsið	6
2.1 Útdráttur úr skýrslum Ríkisendurskoðunar 2008 og 2011.....	6
2.2 Viðbrögð við ábendingum og mat á þeim.....	6
2.2.1 Ábendingar til mennta- og menningarmálaráðuneytis	7
2.2.2 Ábendingar til Þjóðleikhússins	9

Niðurstöður

Í skýrslunni *Þjóðleikhúsið* (nóvember 2008) kannaði Ríkisendurskoðun hvernig Þjóðleikhúsið hefði sinnt lögbundnum hlutverkum sínum og verkefnum á leikárunum 2003–08 og hvernig það hefði nýtt þá opinberu fjármuni og aðstöðu sem það hafði til ráðstöfunar. Einnig voru kannaðar meginástæður þáverandi rekstrarvanda leikhússins og hvaða leiðir væru til úrbóta. Í tengslum við þetta benti Ríkisendurskoðun Þjóðleikhúsinu og menntamálaráðuneyti (nú mennta- og menningarmálaráðuneyti) á alls sautján atriði sem hún taldi að athuga þyrfti með tilliti til úrbóta.

Úttekt á störfum og rekstri Þjóðleikhússins

Ábendingar Ríkisendurskoðunar beindust m.a. að því að bæta þyrfti skipulag og stjórnun leikhússins þannig að það gæti sinnt hlutverki sínu á hagkvæmari og skilvirkari hátt en verið hefði. Í því sambandi var bent á að setja þyrfti nýja reglugerð fyrir leikhúsið, fella starfsemi þjóðleikhúsráðs í fastari skorður, ráða framkvæmdastjóra að leikhúsinu og hagræða í starfsmannamálum. Þá hvatti Ríkisendurskoðun til þess að verkbókhald og áætlunargerð yrðu bætt, eftirlit með fjármálum aukið og að leikhúsið réðist ekki í fleiri og kostnaðarsamari uppfærslur leikverka en fjárhagur leyfði. Loks var bent á að aðstaða og tækjabúnaður Þjóðleikhússins væru að mörgu leyti bágborin og hefðu takmarkað möguleika þess á bættri nýtingu og valdið auknum kostnaði. Ríkisendurskoðun taldi einnig rétt að kanna hvort nýta mætti húsnæði Þjóðleikhússins betur en gert hefði verið, t.d. með leiksýningum yfir sumartímann.

Ábendingar frá árinu 2008

Í *Skýrslu um eftirfylgni: Þjóðleikhúsið* (mars 2011) kannaði Ríkisendurskoðun hvort og þá hvernig hefði verið brugðist við ábendingum hennar frá árinu 2008. Alls höfðu þá ellefu þeirra komið til framkvæmda en sex voru ítrekaðar. Þremur þeirra var beint til mennta- og menningarmálaráðuneytis, þar af einni í breyttri mynd. Lagt var til að starfsemi þjóðleikhúsráðs yrði felld í fastari skorður, að lögbundin verkefni Þjóðleikhússins yrðu endurmetin vegna fyrirhugaðs flutnings Íslensku óperunnar í tónlistarhúsið Hörpu og að mótuð yrði framtíðarstefna um húsnæðismál Þjóðleikhússins. Ábendingin um lagaskyldur leikhússins kom í stað athugasemdar við fáar óperusýningar Þjóðleikhússins. Eins var þremur ábendingum beint til Þjóðleikhússins. Það var hvatt til að endurskoða reglur um frímiða, gera áætlun um endurnýjun tæknibúnaðar leikhússins og kanna leiðir til að bæta nýtingu húsnæðis.

Sex ábendingar ítrekaðar árið 2011

Að mati Ríkisendurskoðunar hefur lítið þokast í þeim málum sem snúa að mennta- og menningarmálaráðuneyti síðan árið 2011. Að hluta til stafar það af því að frumvarp til sviðslistalaga, sem tvívegis hefur verið lagt fram á Alþingi, hefur enn ekki náð fram að ganga. Þar er m.a. lagt til að óperuflutningur verði ekki lengur meðal verkefna leikhússins og að þjóðleikhúsráð verði þjóðleikhússtjóra til ráðgjafar í stað þess að vera stjórnarnefnd eins og í núgildandi leiklistarlögum. Þar sem ráðgert er að leggja endurskoðað frumvarp fram að nýju haustið 2014 telur Ríkisendurskoðun ekki þörf á að ítreka ábendingar sínar sem lúta að þessum atriðum. Það kemur í hlut Alþingis að taka afstöðu til málsins. Ríkisendurskoðun bendir þó á hvort ekki sé rétt að gera þjóð-

Lítið þokast í vinnu ráðuneytisins

leikhúsráð að hreinræktuðu listrænu fagraði ef það á einungis að vera þjóðleikhússtjóra til ráðgjafar. Ekki verður séð að breytt ráð ætti að hafa árlegar starfs- og fjárhagsáætlanir þjóðleikhússins til umfjöllunar eða eftirlit með framkvæmd þeirra. Með tilliti til þess að húsnæðismál þjóðleikhússins hafa verið tekin fastari tökum undanfarin ár en áður telur Ríkisendurskoðun ekki þörf á að ítreka ábendingu sína um að mótuð verði framtíðarstefna um húsnæðismál þjóðleikhússins. Ríkisendurskoðun telur engu að síður að slík stefna gæti komið að góðu gagni við að forgangsraða endurbótum og uppbyggingu á húsnæði leikhússins eftir því sem fjármunir leyfa.

Þjóðleikhúsið hefur mætt öllum ábendingum

Að mati Ríkisendurskoðunar hefur þjóðleikhúsið brugðist við öllum þeim ábendingum sem til þess var beint með þeim hætti að ekki er þörf á að ítreka þær. Skýrar reglur gilda nú um frímiða og önnur afsláttarkjör og er hlutfall frímiða tæplega 10% af öllum miðum leikhússins miðað við 16–19% leikárin 2005–08. Þá liggur fyrir skipuleg áætlun um endurnýjunarþörf tæknideilda leikhússins og eins hefur þjóðleikhúsið lagt sig fram um að finna leiðir til að bæta nýtingu húsnæðisins og hrint þeim í framkvæmd.

Afskiptum lokið í bili

Með tilliti til alls þessa lítur Ríkisendurskoðun svo á að afskiptum hennar af þeim málum sem fjallað var um í skýrslunni *Þjóðleikhúsið* (2008) sé lokið að svo komnu máli.

1 Inngangur

Ríkisendurskoðun er sjálfstæð eftirlitsstofnun Alþingis og sækir heimild sína til stjórn-sýsluendurskoðunar í 9. gr. laga nr. 86/1997 um stofnunina. Slík endurskoðun felst í því að kanna meðferð og nýtingu almannafjár, hvort hagkvæmni og skilvirkni sé gætt í rekstri ríkisstofnana og hvort gildandi lagafyrirmælum sé framfylgt í því sambandi. Ríkisendurskoðun skal gera hlutaðeigandi stjórnvöldum grein fyrir niðurstöðum sínum, vekja athygli á því sem hún telur hafa farið úrskeiðis í rekstrinum og benda á leiðir til úrbóta.

Í samræmi við staðal Alþjóðasamtaka ríkisendurskoðana (INTOSAI) um stjórnsýsluendurskoðun (ISSAI 3000) er hverri úttekt Ríkisendurskoðunar fylgt eftir með sjálfstæðri athugun á því hvort og þá hvernig brugðist hafi verið við ábendingum hennar. Í því sambandi er lögð megináhersla á að kanna hvort þeir annmarkar eða veikleikar sem stofnunin vakti athygli á séu enn fyrir hendi. Slík eftirfylgni fer alla jafna fram um það bil þremur árum eftir útgáfu skýrslu.

Í þessari eftirfylgniúttekt er gerð grein fyrir niðurstöðum ítrekaðrar eftirfylgni Ríkisendurskoðunar með skýrslunni *Þjóðleikhúsið* (nóvember 2008). Leitast var við að meta hvort og þá hvernig mennta- og menningarmálaráðuneyti og Þjóðleikhúsið hafi brugðist við þeim sex ábendingum sem ítrekaðar voru í *Skýrslu um eftirfylgni: Þjóðleikhúsið* (mars 2011).

Ríkisendurskoðun aflaði upplýsinga og gagna hjá mennta- og menningarmálaráðuneyti og Þjóðleikhúsinu sem einnig fengu drög að skýrslunni til umsagnar. Ríkisendurskoðun þakkar þeim gott samstarf.

Ríkisendurskoðun
sjálfstæð eftirlits-
stofnun Alþingis

Ítrekuð eftirfylgni
með skýrslu frá
2008

2 Þjóðleikhúsið

2.1 Útdráttur úr skýrslum Ríkisendurskoðunar 2008 og 2011

Í skýrslunni [Þjóðleikhúsið](#) (nóvember 2008) kannaði Ríkisendurskoðun hvernig Þjóðleikhúsið hefði sinnt lögbundnum hlutverkum sínum og verkefnum á leikárunum 2003–08 og hvernig það hefði nýtt þá opinberu fjármuni og aðstöðu sem það hafði til ráðstöfunar. Einnig voru kannaðar meginástæður þáverandi rekstrarvanda leikhússins og hvaða leiðir væru til úrbóta.

**Þjóðleikhúsið
sinnti í megin-
atriðum skyldum
sínum**

Ríkisendurskoðun taldi að Þjóðleikhúsið hefði í meginatriðum sinnt þeim skyldum sem leiklistarlög nr. 138/1998 kveða á um. Helst mætti finna að fáum almennum sýningum utan höfuðborgarsvæðisins og fáum óperusýningum. Stofnunin benti á að bæta mætti skipulag og stjórnun leikhússins þannig að það gæti sinnt hlutverki sínu á hagkvæmari og skilvirkari hátt en verið hefði. Í því sambandi var bent á að setja þyrfti nýja reglugerð fyrir leikhúsið, fella starfsemi þjóðleikhúsráðs í fastari skorður og virkja árangursstjórnunarsamning ráðuneytisins við leikhúsið. Eins þyrfti að ráða framkvæmdastjóra að leikhúsinu og hagræða í starfsmannamálum. Þá hvatti Ríkisendurskoðun til þess að verkþókhald og áætlunargerð yrðu bætt, eftirlit með fjármálum aukið og að leikhúsið réðist ekki í fleiri og kostnaðarsamari uppfærslur leikverka en fjárhagur leyfði.

**Erfið fjárhags-
staða leikhússins**

Í skýrslunni kom fram að fjárhagsstaða Þjóðleikhússins hefði lengi verið erfið. Að mati Ríkisendurskoðunar mátti að hluta rekja þetta til ófullnægjandi áætlunargerðar, ónógs eftirlits með fjármálum og þess að uppfærslur leikverka hefðu verið fleiri og kostnaðarsamari en fjárhagur leyfði. Loks var bent á að aðstaða og tækjabúnaður Þjóðleikhússins væru að mörgu leyti bágborin og hefðu bæði takmarkað möguleika þess á bættri nýtingu húsnæðis og valdið auknum kostnaði. Ríkisendurskoðun taldi einnig rétt að kanna hvort nýta mætti húsnæði Þjóðleikhússins betur en gert hefði verið, t.d. með leiksýningum yfir sumartímenn.

**Sex ábendingar
ítrekaðar**

Í skýrslu sinni árið 2008 beindi Ríkisendurskoðun alls tólf ábendingum til Þjóðleikhússins og fimm til menntamálaráðuneytis (nú mennta- og menningarmálaráðuneyti). Í [Skýrslu um eftirfylgni: Þjóðleikhúsið](#) (2011) kannaði stofnunin hvort ábendingarnar hefðu leitt til æskilegra umbóta, þ.e. hvort þeir annmarkar eða veikleikar sem stofnunin vakti athygli á væru enn fyrir hendi. Í ljós kom að ellefu ábendingar voru að fullu komnar til framkvæmda og að rétt væri að ítreka þær sex sem út af stóðu, þar af eina þeirra í breyttri mynd. Í stað þess að gera athugasemd við fáar óperusýningar Þjóðleikhússins hvatti Ríkisendurskoðun ráðuneytið til að huga að því hvort fella ætti niður lagaskyldur leikhússins á þessu sviði með tilkomu nýs tónlistarhúss.

2.2 Viðbrögð við ábendingum og mat á þeim

Í skýrslu sinni árið 2011 beindi Ríkisendurskoðun þremur ábendingum til mennta- og menningarmálaráðuneytis, þ.e. að fella bæri starfsemi þjóðleikhúsráðs í fastari skorður

ur, að endurmeta þyrfti það ákvæði leiklistarlaga að Þjóðleikhúsið skuli standa að óperuflutningi eftir að Íslenska óperan fengi fast aðsetur í nýju tónlistarhúsi í Reykjavík (Hörpu) og að móta þyrfti framtíðarstefnu um húsnæðismál Þjóðleikhússins. Eins beindi Ríkisendurskoðun þremur ábendingum til Þjóðleikhússins, þ.e. það var hvatt til að endurskoða reglur um frímiða, gera áætlun um endurnýjun tæknibúnaðar leikhússins og kanna leiðir til að bæta nýtingu húsnæðis.

2.2.1 Ábendingar til mennta- og menningarmálaráðuneytis

1. Fella ber starfsemi þjóðleikhúsráðs í fastari skorður

Ríkisendurskoðun benti á að fella þyrfti starfsemi þjóðleikhúsráðs í fastari skorður svo að það gæti betur sinnt lögbundnu hlutverki sínu sem stjórnarnefnd leikhússins, m.a. við að veita stjórnendum aðhald og stuðning. Formfesta þyrfti betur samskipti ráðsins við þjóðleikhússtjóra og ráðuneyti.

Starfsemi þjóðleikhúsráðs

Í svörum mennta- og menningarmálaráðuneytis við fyrirspurn Ríkisendurskoðunar árið 2011 var bent á að þáverandi þjóðleikhúsráð sinnti vel skyldum sínum. Einnig kom fram að endurskoðun leiklistarlaga hefði verið til athugunar hjá ráðuneytinu en að af henni hefði enn ekki orðið. Við slíka endurskoðun kæmi starfsemi þjóðleikhúsráðs til álita eins og önnur ákvæði laganna.

Í eftirfylgniskýrslu Ríkisendurskoðunar árið 2011 var bent á að í ábendingunni fælist ekki gagnrýni á þáverandi þjóðleikhúsráð sem veitti þjóðleikhússtjóra gott aðhald og stuðning við reksturinn. Í henni fælist fyrst og fremst það sjónarmið að starfsemi ráðsins og samskipti þess við þjóðleikhússtjóra og ráðuneytið mættu ekki ráðast af þeim einstaklingum sem sitja í ráðinu hverju sinni. Af þeim sökum taldi stofnunin rétt að ítreka ábendingu sína.

Í bréfi ráðuneytisins til Ríkisendurskoðunar árið 2014 kom fram að frumvarp til nýrra leiklistarlaga (sviðslistalaga) hefði verið lagt fram á 140. löggjafarþingi (2011–12) en ekki hefði náðst að mæla fyrir því. Þá hefði endurskoðað frumvarp verið lagt fram á 141. löggjafarþingi (2012–13) en ekki náð fram að ganga fyrir þinglok. Ráðuneytið reiknaði með að frumvarpið yrði enn endurskoðað og lagt fram á næsta löggjafarþingi. Þá yrði áfram hugað að starfsemi þjóðleikhúsráðs.

Frumvarp til sviðslistalaga

Við athugun Ríkisendurskoðunar á áðurnefndu frumvarpi til sviðslistalaga kom í ljós að fyrirhugaðar voru þær breytingar á þjóðleikhúsráði að í stað þess að Félag íslenskra leikara og Félag leikstjóra tilnefni hvort sinn fulltrúann, til viðbótar við þá þrjá sem skipaðir eru án tilnefningar, myndi Leiklistarsamband Íslands tilnefna þá. Þá yrði samkvæmt frumvarpinu ekki heimilt að skipa sama mann aðalmann í þjóðleikhúsráð lengur en tvö samfelld starfstímabil en í gildandi lögum eru engin tímamörk. Meginbreytingin fólst þó í gerbreyttu hlutverki ráðsins, sbr. 5. gr. frumvarpsins:

Áform um breytt hlutverk þjóðleikhúsráðs

Þjóðleikhúsráð er þjóðleikhússtjóra til ráðgjafar um stefnu leikhússins og önnur málefni er varða starfsemi þess. Ráðið veitir þjóðleikhússtjóra umsagnir um árlegar starfs- og fjárhagsáætlanir, vinnur með honum að langtímaáætlun um starfsemina og hefur eftirlit með framkvæmd áætlanna.

Samkvæmt þessu er áformað að draga mjög úr vægi Þjóðleikhúsráðs frá því sem verið hefur. Í því sambandi skal minnt á 7. gr. núgildandi leiklistarlaga nr. 138/1998, þar sem fram kemur að Þjóðleikhúsráð sé „stjórnarnefnd Þjóðleikhússins og skulu allar meiri háttar ákvarðanir um leikhúsreksturinn bornar undir ráðið“. Enn fremur er þar kveðið á um að árleg starfs- og fjárhagsáætlun skuli lögð fyrir ráðið „til samþykktar“ auk þess sem það hafi eftirlit með framkvæmd hennar. Í athugasemdum við einstakar greinar frumvarpsins kemur fram að þessar breytingar á hlutverki Þjóðleikhúsráðs séu gerðar með hliðsjón af ákvæðum laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins sem lúta að stöðu og ábyrgð forstöðumanna. Með breytingunum færast stjórnunar- fyrirkomulag Þjóðleikhússins nær því horfi sem algengast er fyrir ríkisstofnanir.

Ábending ekki ítrekuð

Með tilliti til þeirra breytinga sem verða á hlutverki Þjóðleikhúsráðs, gangi frumvarp til sviðslistalaga eftir, telur Ríkisendurskoðun ekki rétt að ítreka ábendingu sína. Velta má fyrir sér hvort ekki sé þá rétt að ganga skrefinu lengra og gera ráðið að hreinræktuðu listrænu fagráði, eins og fjármálaráðuneyti (nú fjármála- og efnahagsráðuneyti) ýjar að í umsögn sinni um ofangreint frumvarp til sviðslistalaga. Þar segir m.a.:

Fjármálaráðuneytið fær [...] ekki séð að þörf sé fyrir að sérstakt ráð hafi fjárhagsáætlanir til umsagnar við þessa stofnun fremur eru aðrar og telur að það geti hamlað fjárhagslegri ábyrgð forstöðumanns á starfseminni þótt tilefni gæti þótt vera fyrir umfjöllun slíks ráðs um faglega eða listræna stefnumörkun.

Efasemdir um verksvið Þjóðleikhúsráðs

Ríkisendurskoðun tekur undir þessa athugasemd og hvetur mennta- og menningarmálaráðuneyti til að hafa hana í huga við endurskoðun frumvarpsins. Í því sambandi þarf einnig að taka afstöðu til þess hvort rétt sé að ráðið hafi eftirlit með framkvæmd árlegra starfs- og fjárhagsáætlana enda er mennta- og menningarmálaráðuneyti ætlað slíkt hlutverk samkvæmt reglugerð nr. 1061/2004 um framkvæmd fjárlaga og ábyrgð á fjárreiðum ríkisstofnana í A-hluta.

2. Endurmeta þarf lögbundin verkefni Þjóðleikhússins

Ríkisendurskoðun benti á að með tilkomu Hörpu, tónlistarhúss í Reykjavík, þar sem Íslenska óperan fengi fast aðsetur, væri rétt að taka til endurskoðunar það ákvæði leiklistarlaga nr. 138/1998 að Þjóðleikhúsið skyldi standa að flutningi á óperum. Það ákvæði hefði auk þess verið úr takti við áherslur leikhússins um nokkurt skeið.

Í svörum mennta- og menningarmálaráðuneytis við fyrirspurn Ríkisendurskoðunar árið 2014 vísaði það í áður nefnt frumvarp til sviðslistalaga sem lagt var fram á 140. og 141. löggjafarþingi (2011–13) en hlaut ekki afgreiðslu. Þar væri lagt til að óperuflutningur yrði ekki lengur á sviði Þjóðleikhússins. Ráðuneytið reiknaði með að frumvarpið yrði enn endurskoðað og lagt fram á næsta löggjafarþingi haustið 2014.

Breytt verkefni Þjóðleikhúss

Við athugun Ríkisendurskoðunar kom í ljós að í ofangreindu frumvarpi til sviðslistalaga eru óperuflutningur, söngleikir og listdanssýningar ekki nefnd meðal aðalverkefna Þjóðleikhússins, eins og í gildandi leiklistarlögum. Þar er einungis getið um flutning íslenskra og erlendra leikverka, nýrra og gamalla, og að leikhúsið stuðli að frumsköpun í íslenskum sviðslistum. Sérstök ákvæði eru hins vegar um stuðning ríkisins við starfsemi Íslenska dansflokksins og annarrar sviðslistastarfsemi, þar á meðal óperustarf-

semi. Af umræðum á Alþingi að dæma mætti frumvarpið engri andstöðu í þinginu þegar það var kynnt. Í ljósi þess má vænta að frumvarpið hljóti brautargengi þegar það verður lagt fram aftur í endurskoðaðri útgáfu. Ríkisendurskoðun telur því ekki rétt að ítreka ábendingu sína en hvetur mennta- og menningarmálaráðuneyti eindregið til að flýta endurskoðun frumvarpsins svo að hægt verði að leggja það fram á 144. löggjafarþingi eins og ráðuneytið áformar.

Ábending ekki ítrekuð

3. Móta þarf stefnu um framtíðaruppbyggingu Þjóðleikhússins

Ríkisendurskoðun benti á að húsnæði Þjóðleikhússins væri um margt úrelt og þarfnáðist endurbóta. Stofnunin lagði því til að mótuð yrði stefna um uppbyggingu húsnæðisins ásamt verk- og kostnaðaráætlun að undangenginni þarfa- og ábatagreiningu óháðs aðila.

Húsnæðismál Þjóðleikhússins

Í svörum mennta- og menningarmálaráðuneytis við fyrirspurn Ríkisendurskoðunar árið 2011 kom fram að vegna stöðu ríkisfjármála frá haustinu 2008 hefði vinna við stefnumörkun um húsnæðismál verið lögð til hliðar í bili. Tillaga á vegum Þjóðleikhússins um húsnæðismál stofnunarinnar hafi að vísu verið unnin árið 2006 en fjárhagslegar forsendur hafi ekki verið til staðar til að hrinda henni í framkvæmd.

Í bréfi ráðuneytisins til Ríkisendurskoðunar árið 2014 kom fram að Þjóðleikhúsið hafi gert ýmsar skipulagsbreytingar til að húsnæðið nýttist betur, s.s. að taka aftur í notkun smíðaverkstæði í kjallara aðalbyggingar. Þá hafi haustið 2013 verið reist viðbygging fyrir leikmyndir við austurgafli Þjóðleikhússins. Ráðuneytið benti á að á vegum Fasteigna ríkissjóðs, sem sjá um húsnæði Þjóðleikhússins, hafi verið farið í ýmsar endurbætur á núverandi húsnæði, m.a. miðasölu, snyrtingum og mótuneyti. Þá hafi ljósa- og hljóðbúnaður verið endurnýjaður. Miðað við stöðu fjármála til húsnæðisframkvæmda telji ráðuneytið að ekki hafi verið forsendur til að fara í umfangsmikla þarfa- og ábatagreiningu umfram þá sem gerð hafi verið á vegum Þjóðleikhússins árið 2006.

Fjárhagslegar forsendur hamla úrbótum

Ríkisendurskoðun fagnar þeim endurbótum sem gerðar hafa verið á húsnæði Þjóðleikhússins undanfarin ár og fellst á þau sjónarmið að ekki hafi verið fjárhagslegar forsendur fyrir umfangsmiklum framkvæmdum. Um leið er vakin athygli á því að ábending Ríkisendurskoðunar snerist ekki um fjárveitingar til húsnæðismála leikhússins heldur um nauðsyn þess að mótuð yrði stefna um framtíðaruppbyggingu þess. Með tilliti til þess að húsnæðismálin hafa verið tekin fastari tókum undanfarin ár en áður telur Ríkisendurskoðun ekki þörf á að ítreka ábendingu sína. Stofnunin álitur þó enn mikilvægt, ekki síst í ljósi fjárhagslegra aðstæðna, að ráðuneytið móti slíka framtíðarstefnu og forgangsraði endurbótum og uppbyggingu á húsnæði Þjóðleikhússins í samræmi við hana.

Mikilvægi stefnu- mótunar og forgangsröðunar

2.2.2 Ábendingar til Þjóðleikhússins

1. Endurskoðaða þarf reglur um frímiða

Ríkisendurskoðun lagði til að reglur um frímiða á leiksýningar Þjóðleikhússins yrðu teknar til endurskoðunar og benti á að frímiðar hefðu verið milli 16–19% allra miða leikhússins leikárin 2005–08 miðað við 5–7% allra miða norska Þjóðleikhússins árin 2003–07.

Reglur um frímiða

Í svörum Þjóðleikhússins við fyrirspurn Ríkisendurskoðunar árið 2011 kom fram að reglur um frímiða hefðu ekki breyst frá stjórnsluúttekt Ríkisendurskoðunar 2008. Þjóðleikhúsið býði upp á sýningar fyrir börn í leikskólum og grunnskólum. Þá fengju öryrkjar og atvinnulausir miða á sýningar án endurgjalds ef til væru lausir miðar á sýningardegi. Eins býði leikhúsið samstarfsfólki í öðrum listgreinum miða á sýningar. Fram kom að markaðsdeild hefði heimild til að bjóða frímiða í þeim tilgangi að kynna sýningar og auka miðasölu, sem og að stundum væru veittir frímiðar ef aðsókn væri dræm. Leikhúsið teldi þó að ýtrasta aðhalds væri gætt í þessu sambandi og að reynt hefði verið að draga úr fjölda frímiða.

Árið 2014 fengust þær upplýsingar frá Þjóðleikhúsinu að gerð hefði verið gangskör að því að draga úr fjölda frímiða. Þannig hefðu reglur um frímiða til starfsmanna verið þrengdar og settar reglur um frímiða og afsláttarkjör til Rithöfundasambands Íslands, Leikstjórafélags Íslands, starfsmanna Borgarleikhússins, félagsmanna í Félagi íslenskra leikara og nemenda Listaháskóla Íslands. Benti leikhúsið á að með árangursstjórnunar-samningi við mennta- og menningarmálaráðuneyti hafi það skuldbundið sig til að bjóða öllum börnum í elstu árgöngum leikskóla á sýningar. Eins hafi það sett upp for-varnarsýningar undanfarin ár þar sem elstu börnum í grunnskóla hafi verið boðið á leiksýningu um skaðsemi áfengis- og vímuefnaneyslu. Ennfremur benti Þjóðleikhúsið á að í núverandi miðasölukerfi bókist miðar þannig að sé um tilboð að ræða, t.d. tveir fyrir einn, reiknist annar miðinn á fullu verði en hinn sem frímiði. Með tilliti til þeirra frímiða sem leikhúsið hafi skuldbundið sig til að bjóða í tengslum við árangursstjórn-unarsamning og áður nefnd sértíloboð gefi fjöldi frímiða, eins og hann birtist í miða-sölukerfi, ekki glögga mynd af raunfjölda þeirra. Þjóðleikhúsið gerði að auki athuga-semnd við samanburð Ríkisendurskoðunar á hlutfalli frímiða hjá því og norska Þjóð-leikhúsinu og taldi ekki sjálfgefið að norska Þjóðleikhúsið og hlutfall frímiða þar væri rétt viðmið í þessu efni.

Unnið hefur verið að því að draga úr fjölda frímiða

Ábending ekki ítrekuð

Ríkisendurskoðun fagnar því að Þjóðleikhúsið hafi endurskoðað reglur sínar um frímiða. Samkvæmt upplýsingum frá leikhúsinu var hlutfall frímiða árið 2013 9,67% sem er umtalsverð lækkun frá árunum 2005–08. Ríkisendurskoðun telur því að leikhúsið hafi mætt ábendingunni með ásættanlegum hætti og að ekki sé þörf á að ítreka hana.

2. Gerð verði áætlun um endurnýjun tæknibúnaðar Þjóðleikhússins

Ríkisendurskoðun benti á að tæknibúnaður Þjóðleikhússins þarfnaðist endurnýjunar og lagði til að leikhúsið gerði áætlun um endurnýjun hans til nokkurra ára í senn og felldi hana inn í rekstraráætlanir sínar.

Í svörum Þjóðleikhússins við fyrirspurn Ríkisendurskoðunar árið 2011 kom fram að það gerði áætlanir um endurnýjun tækjabúnaðar til eins árs í senn og að ekki hefði verið gerð áætlun til lengri tíma sem tæki heildstætt til endurnýjunarþarfar tækjakosts þess.

Árið 2014 benti Þjóðleikhúsið á að áætlun um endurnýjunarþörf tækjabúnaðar ljósa- og hljóðdeildar hefði legið fyrir um hríð og væri m.a. á grundvelli hennar forgangs-raðað vegna umsókna Þjóðleikhússins um fjármuni til tækjakaupa af fjárlagalið 02-969.673. Þessi áætlun fylgi ársskýrslu leikhússins. Þá benti leikhúsið á að vandi þess við að fella slíka áætlun inn í rekstraráætlun sína fælist m.a. í því fyrirkomulagi sem

Endurnýjunar-áætlun tækni-búnaðar

viðhaft hafi verið, þ.e. að leikhúsið geri ráðuneyti á hverju ári grein fyrir hvaða búnað sé brýnast að endurnýja og sækji um fjármuni til þess af safnliðum eða tilteknum fjárlagaliðum. Þannig hafi ráðuneytið t.d. veitt 26,7 m.kr. til tækjakaupa árið 2013 og gefið vilyrði um 15 m.kr. á árinu 2014 vegna breytinga á því tíðnisviði sem þráðlausum hljóðnemum er ætlað að starfa á og vegna þess að ljósdeyfar leikhússins séu gamlir og úr sér gengnir.

Að mati Ríkisendurskoðunar er áætlun leikhússins um endurnýjunarþörf tæknideilda þess bæði skýr og skipulega sett upp. Þar kemur m.a. fram kaupár tæknibúnaðarins, endurnýjunarhraði í árum, aldursár búnaðarins og kaupverð hans. Þau tæki sem komin eru fram yfir hefðbundinn endurnýjunartíma eru vel merkt og þörfin á endurnýjun bæði skýr og vel rökstudd. Ríkisendurskoðun fellst á þær skýringar Þjóðleikhússins að það sé vandkvæðum bundið að fella þessa áætlun inn í rekstraráætlun leikhússins miðað við núverandi fyrirkomulag í fjárveitingum og telur ekki þörf á að ítreka ábendingu sína.

3. Kanna þarf leiðir til að bæta nýtingu húsnæðis

Ríkisendurskoðun hvatti til þess að kannaðar yrðu leiðir til að bæta nýtingu húsnæðis Þjóðleikhússins, t.d. með starfi yfir sumartímamann, að því tilskildu að slíkt hefði ekki í för með sér aukinn kostnað eða takmörkun á venjubundinni starfsemi Þjóðleikhússins.

Í svörum Þjóðleikhússins við fyrirspurn Ríkisendurskoðunar árið 2011 kom fram að leikhúsið hefði leitað eftir samstarfi við aðila utan þess um að setja upp leiksýningar í húsnæði þess yfir sumartímamann. Enn hefði ekki orðið af slíku samstarfi.

Árið 2014 svaraði Þjóðleikhúsið því til að kjarasamningar starfsmanna kveði á um aukna vinnuskyldu í 10 mánuði ársins. Þar með vinni þeir sér inn lengra sumarfrí, þ.e. fulla tvo mánuði. Þann tíma sé leikhúsið lokað. Ef halda ætti leikhúsinu opnu yrði að ráða inn sumarstarfsfólk sem myndi hafa í för með sér launakostnað og umsýslu og segist leikhúsið ekki sjá hvernig tekjur kæmu á móti. Þá sé sumarið jafnan notað til að sinna nauðsynlegu viðhaldi í húsinu. Þannig hafi t.d. áhorfendasvæði, salerni og gestasvæði verið ónothæf að mestu undanfarin sumur og verði líklega áfram. Þó hafi hlutar húsnæðisins verið starfhæfir að sumri og því hafi Lindargata 7 (Kassinn og Kúlan) verið lánuð sumarið 2013 undir *Reykjavík Dance Festival* og svo verði líklega áfram. Þjóðleikhúsið tók þó fram að af því útláni hafi leikhúsið haft kostnað umfram tekjur. Það hafi verið réttlætt, m.a. með því að Þjóðleikhúsinu sé ætlað að styðja við leiklistarstarfsemi á Íslandi á breiðum grundvelli og að þannig væri komið til móts við utanaðkomandi óskir um aukna nýtingu leikhússins að sumri.

Ríkisendurskoðun fellst á skýringar Þjóðleikhússins og telur ekki þörf á að ítreka ábendingu sína.

Ábending ekki ítrekuð

Erfitt að nýta húsnæði betur með starfi yfir sumartímamann

Ábending ekki ítrekuð



Ríkisendurskoðun – Bríetartúni 7
Pósthólf 5350 – 125 Reykjavík
Sími 569-7100
postur@rikisend.is – www.rikisendurskodun.is